

Fjórtándi fundur haldinn á Breiðabliki fimmtudaginn 14. desember 2017 kl. 20:00

Mættir: Eggert Kjartansson, Atli Sveinn Svansson, Gísli Guðmundsson, Halldór Jónsson og Katrín Gísladóttir sem ritar fundargerð.

Oddviti setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

Dagskrá:

1. Bréf frá Gísla Guðmundssyni dagsettu 10. desember 2017. Í bréfinu kemur fram að Gísli hafi ákveðið að taka sæti að nýju í hreppsnefnd, frá 10 desember 2017.
2. Þriggja ára fjárhagsáætlun fyrir Eyja og Miklaholtshrepp. Seinni umræða. Samþykkt samhljóða.
3. Grenjavinnsla vegna 2017. Farið yfir grenjavinnslu ársins.
4. Ungmennaráð Eyja og Miklaholtshrepps. Samþykkt að nemendaráð Laugargerðisskóla skipi Ungmennaráð Eyja- og Miklaholtshrepps.
5. Afskriftabeiðnir frá Sýslumanni. Fært í trúnaðarbók.
6. Fundargerð skipulags og byggingarnefndar frá 8.12.2017. Samþykkt samhljóða.
7. Reykskynjarar og fl. Samþykkt tilboð frá Eldvarnarmiðstöðinni og oddvita falið að finna aðila til að fara um sveitina til að setja upp reykskynjara hjá íbúum.
8. Sorpmál í sveitarfélaginu. Samþykkt að eftir áramót verði endurvinnsla sett í karið og almenna ruslið í minni tunnuna, hægt verður að fá auka tunnu fyrir rusl ef þörf verður á. Oddvita falið að kynna þetta fyrir íbúum ásamt Gámaþjónustunni.
9. Sameiginleg Almannaþingarnefnd og lögreglusamþykkt fyrir Vesturland ? Hreppsnefnd samþykk því að ein almannaþingarnefnd og ein lögreglusamþykkt verði gerð fyrir allt Vesturland.
10. Þjónustusamningur við Borgarbyggð vegna Laugargerðisskóla. Samþykkt með 3 atkvæðum, EK, ASS,KG. 2 sitja hjá HJ og GG.
Bókun frá Halldóri. Ég er ekki á móti samningnum sem slíkum en finnst eðlilegt að gjald taki mið af gjaldskrá sambands íslenskra sveitarfélaga.
Oddviti leggur fram eftirfarandi bókun. Oddviti lýsir yfir ánægju sinni með samþykkt samningsins en EM hefur veitt Borgarbyggð þjónustu síðan um áramót 2009-2010.
Gagnagjaldið hefur skipt verulegu máli fyrir sveitarfélagið eins fram kom á fundinum.
Jafnframt hefur skipt máli að fá fleiri nemendur í skólann og verður ánægjulegt að geta veitt íbúum fyrrum Kolbeinstaðahrepp áfram þjónustu.
11. Málefndi Hitaveitu Eyja og Miklaholtshrepp. Farið yfir málin.
12. Drög að öryggiskorti í Breiðablik. Kort frá Safetravel kynnt.

Lagt fram til kynningar.

13. Vegna umhverfisvottunar Snæfellsnes.
14. Opinber útgáfa fundargerðar 173. Fundar félags Snæfellinga 05122017
15. Fundargerð stjórnar sambands íslenskra sveitarfélaga 854
16. Fundargerð og gögn frá stjórnmar og aðalfund Byggðarsamlags Snæfellinga.

Fleira ekki gert og fundi slitið.

Katrín Gísladóttir (sign)

Halldór Jónsson (sign)

Gísli Guðmundsson (sign)

Atli Sveinn Svansson (sign)

Eggert Kjartansson (sign)